

# Plastlaus september

Ársskýrsla 2019



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Stjórn og framkvæmdahópar 2019 .....	3
Heimasíða Plastlauss septembers .....	4
Viðburðir í Reykjavík.....	4
Opnunarhátíð .....	4
Alheimshreinsunardagur .....	5
Samstarf í septembermánuði .....	5
Plastaþon 2019 .....	5
Fræðsla Plastlauss septembers .....	6
Viðburðir á Akureyri .....	6
Viðburðir á Ísafirði.....	7
Aðrir viðburðir .....	7
Samfélagsmiðlar .....	8
Facebook.....	8
Instagram.....	8
Snapchat .....	9
Fræðsla .....	9
Auglýsingar og umfjallanir .....	10
Gerð auglýsinga .....	10
Hvar voru auglýsingar birtar í september?.....	10
Umfjallanir .....	11
Lokaorð.....	11
Viðauki 1 – Fjölmiðlaumfjöllun.....	13
Viðauki 2 – Fyrirtæki sem tóku þátt í Plastlausum september .....	16
Viðauki 3 – Dagskrá Instagram .....	17
Viðauki 4 – Dæmi um auglýsingu .....	18

## Inngangur

Ákveðið var að fara af stað í þriðja skiptið með árvekniátakið Plastlaus september árið 2019, þar sem töluverð reynsla hafði áunnist síðustu tvö ár. Kosið var í stjórn í febrúar 2019 og byrjuðu reglulegir fundir frá mars 2019 til að skipuleggja Plastlausan september. Varð úr að halda uppi öflugum samfélagsmiðlum í september, heimsækja skóla með fræðslu, halda veglega opunarhátíð og ná til almennings með auglýsingum. Einnig vildum við virkja landsbyggðina. Markmiðið með Plastlausum september er að vekja athygli á plastmengun og hvetja almenning til að draga úr plastnotkun og almennri neyslu. Stefna Plastlauss septembers er að fjalla um þennan málaflokk á jákvæðum nótum og vera hvetjandi og styðjandi við almenning með því að koma með lausnir hvað geti komið í staðinn fyrir plastið.

Plastlaus september er árvekniátak sem snýst um að fólk velji sér markmið í september um hvaða skref það geti tekið til að minnka plastið. Þótt nafnið vísi til þess að vera algjörlega plastlaus þá erum við sem stöndum á bak við átakið ekki að hvetja til þess nema fólk treysti sér til. Það er okkar sýn að átakið á ekki að vera eitthvað óyffirstíganlegt heldur velur hver og einn sér markmið sem hentar. Mikilvægt er að hver og einn skoði neysluhegðun sína til að sjá hvar er hægt að gera umbætur með einföldum skrefum. Til dæmis ef viðkomandi er að kaupa drykk í plastflösku á hverjum degi, væri hægt að grípa til þess ráðs að vera með fjölnota drykkjarflösku. Hefur það verið sýn okkar að takmarka neikvæðar fréttir og aldrei skamma eða skrifa neikvætt þegar fyrirtæki eða almenningur eru að nýta sér plast. Plastlaus september hefur það að stefnu að hrósa í hvert skipti þegar skref í átt að minni plastnotkun er tekið. Er það von okkar að almenningur upplifi Plastlausan september sem jákvætt átak og allir geti lagt sitt að mörkum. Því reynum við að hafa jákvæðni að leiðarljósi í því efni sem Plastlaus september sendir frá sé þannig að fólk fái innblástur og hvatningu að breyttum og bættum neysluvenjum. Því það er okkar trú að hvert skref í minni neyslu og plastnotkun skipti máli og að það sé eitt af lykilatriðunum til að minnka mengun í heiminum.

Gaman er að segja frá því hversu mikið hefur áunnist á tveimur árum. Tölur frá Sorpu sýna að plast skili sér betur til endurvinnslu og hlutfall þess fer minnkandi í almennu heimilissorpi. Aðgengi og úrval af plastlausum vörum hefur stórukist og nú má finna í almennum matvöruverslunum plastminni og plastlausar vörur. Í samfélaginu er meiri umræða um ofgnótt plasts í okkar daglega lífi. Plastvandinn og önnur umhverfismál fá orðið mikla umfjöllun hjá fjölmiðlum.

## Stjórn og framkvæmdahópar 2019

Þau sem tóku þátt í framkvæmdinni í ár og sitja í stjórn eru: Heiður Magný Herbertsdóttir (formaður) mannfræðingur og MS í stjórnun og stefnumótun, Kristín Inga Arnardóttir (gjaldkeri), viðskiptafræðingur, Hildur Hreinsdóttir (meðstjórnandi), sjálfbærnifráðingur og Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir (meðstjórnandi), kennari. Auk stjórnar starfar framkvæmdahópur í Reykjavík í honum eru:

Amanda Da Silva Cortes, lyfjafræðingur

Ásdís Ólafsdóttir, líffræðingur

Elsa Pórey Eysteinsdóttir, líffræðingur

Guðný Kristín Bjarnadóttir, bókasafns- & upplýsingafræðingur og nemi í safnafræði

Helga Hauksdóttir, lögfræðingur

Jóhanna Gísladóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræði

Marta Sigurðardóttir, BA í hagfræði heimspeki og stjórnmálafræði ásamt viðbótardiplómu í opinberri stjórnsýslu

Salbjörg Rita Jónsdóttir, hönnuður og ljósmyndari

Sigríður Jónasdóttir, BA í enskum bókmenntum

Þórdís V. Þórhallsdóttir, kennari og viðskiptafræðingur

Nýbreytni varð í ár þar sem var auglýst eftir áhugasömum sjálfboðaliðum út á landi til að sjá um viðburði í sinni heimabyggð. Úr varð að tveir framkvæmdahópar mynduðust annar á Akureyri og hinn á Ísafirði.

Í framkvæmdahóp á Akureyri eru:

Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir, leikskólaliði

Berglind Mari Valdimarsdóttir, menningarmiðlari

Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir, áhugakona um grænan lífsstíl

Elín Ósk Arnarsdóttir, jógakennari

Sævar Þór Halldórsson, náttúrufræðingur

Í framkvæmdahóp á Ísafirði eru:

Hildur Dagbjört Arnardóttir landslagsarkitekt

Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir fjölskylduþerapisti

Lísbet Ólöf Harðardóttir

## Heimasíða Plastlauss septembers

Í ár var ákveðið að uppfæra heimasíðuna (plastlausseptember.is) sem hafði lítið breyst síðan 2017 þegar átakið fór fyrst af stað. Mikið hefur breyst á síðastliðnum tveimur árum og hröð þróun átt sér stað hjá almenningi. Í samræmi við það hefur plastlausum valkostum og söluaðilum fjölgað. Því var nauðsynlegt að uppfæra upplýsingarnar á heimasíðunni til að koma á mótis við vitneskjuna sem er úti í samfélaginu. Heimasíðan fékk nýtt útlit og upplýsingarnar á henni uppfærðar. Heimasíðan er áfram mikilvægur vettvangur til að miðla upplýsingum og benda á lausnir. Vefurinn er hugsaður sem staður þar sem fólk getur kynnt sér átakið og sótt upplýsingar um sín fyrstu skref í átt að minni plastnotkun.

## Viðburðir í Reykjavík

### Opnunarhátíð

Þann 1. september 2019 var árvekníátakið Plastlaus september sett með opnunarhátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur frá kl. 12-16. Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, setti átakið og veitti í fyrsta sinn viðurkenninguna *Bláskelina*. *Bláskelin* er ný viðurkenning þar sem fyrirtæki, stofnun eða einstaklingur er heiðraður fyrir sitt framlag fyrir framúrskarandi lausn sem stuðlar að minni plastnotkun og plastúrgangi í samfélaginu. Markmið *Bláskeljarinnar* er að draga fram það sem vel er gert varðandi plastlausar lausnir og veita nýsköpun aukinn slagkraft. Viðurkenningin er hluti af aðgerðum umhverfis- og auðlindaráðherra til að draga úr neikvæðum áhrifum plastnotkunar. Í dómnefnd sátu fulltrúar frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Plastlausum september og Umhverfisstofnun. Þegar búið var að setja opnunarhátíðina þá var Margrét Hugadóttir, sérfræðingur hjá Landvernd með fyrirlestur sem bar heitið „Endurhugsum framtíðina“. Því næstu héldu Björn Steinar Blumenstein og Brynjólfur Stefánsson frá Plastplan fyrirlestur um fyrirtækið sitt og hvernig þeir eru að endurvinna plast. Í salnum voru einnig kynningarbásar og sölubásar með plastlausar og umhverfisvænar vörur.

Þar sem opnunarviðburðurinn heppnaðist það vel árið 2018 var ákveðið að hafa viðburðinn árlegan. Opnunarhátíðin er hugsuð sem kjörið tækifæri fyrir almenning til að kynna sér fyrstu skrefin í minni plastnotkun og flokkun. Einnig gætu þeir sem eru byrjaðir að minnka plastnotkun fengið hugmyndir að næstu skrefum. Aðgangur var ókeypis og var gríðarlega góð mæting. Þau fyrirtæki sem voru með sölubása af umhverfisvænum vörum voru eftirfarandi: Ethic, Farvi, Fill Ísland, Fjölnota, Græn viska, JóGubúð, Kaja, Káti fílinn, Kímúra, klaran.is, Matarbúr Kaju, Mena, Mistur, Mjallhvít, Modibodi, Natursense, Nordic angan, PlanToys Ísland,

Tropic.is, Urð og Vistvera. Þau fyrirtæki/stofnanir sem voru með fræðslubása voru: Evrópusambandið á Íslandi, Fatasöfnun Rauða krossins, Landvernd, Plastplan, Reykjavík Tool Library, Sorpa, Umhverfisstofnun og Ungir umhverfissinnar. Var þetta langstærsti viðburður Plastlauss september árið 2019 og taldi framkvæmdahópurinn að vel hefði tiltekist.

### [Alheimshreinsunardagur](#)

Alheimshreinsunardagurinn (e. World Clean Up Day) fór fram 21. september síðastliðinn. Þetta er átak sem á sér stað út um allan heim þar sem fólk er hvatt til að fara út í sitt nærumhverfi til að tína upp rusl. Fólk hafði val um að taka þátt í skipulagðri hreinsun, skipuleggja sína eigin hreinsun eða fara þegar því hentaði og tína rusl í sínu nærumhverfi. Markmiðið með deginum var að hreinsa jörðina og vekja athygli á ruslinu í náttúrunni sem er vandamál sem verður að leysa með því að minnka það sorp sem kemur frá mannum. Í samstarfi við Bláa herinn var skipulögð hreinsun út á Granda. Hreinsunin hófst og endaði við Sjávarklasann þar sem Blái herinn er með aðstöðu. Inni í Sjávarklasanum var hægt að fá fræðslu um plastvandann og hvernig megi draga úr plastnotkun í daglegu lífi. Í lok hreinsunarinnar var svo hist inn í Sjávarklasanum þar sem þeim sem tóku þátt var boðið upp á hressingu. Umhverfishetjan leit við og vakti athygli á viðburðinum á Facebook síðu sinni.

### [Samstarf í septembermánuði](#)

Plastlaus september er búinn að vera í góðu samstarfi við ýmsa aðila eins og Landvernd og Umhverfisstofnun. Einnig má nefna Brim kvikmyndahátíðina sem var haldin 28. september á Eyrarbakka. Þann dag fór fram strandhreinsun, sýndar voru heimildamyndir sem snúa að vandamálinu varðandi plast og haldnir voru fyrirlestrar um plast. Þátttaka Plastlauss septembers fólst í því að auglýsa og kynna viðburðinn. Hátíðin vakti nokkra athygli í fjölmiðlum og m.a. mætti nýskipaður dóms- og kirkjumálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, á kvikmyndasýningu og fyrirlestur á Litla Hrauni. Nánar um kvikmyndahátíðina má sjá inn á [brimkvikmyndahatid.is](http://brimkvikmyndahatid.is)

### [Plastaþon 2019](#)

Í samstarfi við Umhverfisstofnun fór fram plastaþon sem er hugmyndasmiðja um lausnir á plastvandannum. Plastaþonið fór fram í húsi Umhverfisstofnunar 27. og 28. september. Plastaþonið var tveggja daga hugmyndasmiðja þar sem þátttakendur unnu saman í teyllum til að finna lausnir við þeim áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir varðandi ofnotkun á plasti. Plastlaus september aðstoðaði Umhverfisstofnun við skipulagningu á viðburðinum, við tókum þátt í að auglýsa viðburðinn og senda út fréttatilkynningu á fjölmiðla. Einnig voru

meðlimir í framkvæmdahópnum á staðnum til að aðstoða starfsfólk Umhverfisstofnunar við utanumhald. Plastþonið gekk vel og var þátttaka góð. Hugmyndin *Beljur í búð* sigraði Plastþonið og byggist hugmyndin um að setja sjálfsafgreiðsluvélar fyrir mjólkurvörur í verslunum þannig kaupandinn geti dælt vörinni sjálfur í fjölnota umbúðir.

### Fræðsla Plastlauss septembers

Þann 30. september var boðið upp á ókeypis fyrirlestur á Borgarbókasafninu við Tryggvagötu. Þórdís V. Þórhallsdóttir, kennari og viðskiptafræðingur hélt fyrirlesturinn en hún situr í framkvæmdahóp Plastlauss septembers. Í lok fyrirlestrar var spurningum svarað. Fjallaði Þórdís um plast og hvað væri hægt að nota í staðinn fyrir plast. Það var von okkar að þetta yrði vettvangur til að fá innblástur hvernig er hægt að halda áfram á sömu braut og jafnvel setja sér ný markmið í átt að minni plastnotkun.

### Viðburðir á Akureyri

Sú nýbreytni átti sér stað að það myndaðist framkvæmdahópur á Akureyri fyrir Plastlausan september. Hér eru nokkrir punktar um hvern viðburð sem allir fóru fram á Amtsbókasafninu:

- Opnunarviðburður í Deigluinni gekk vel nema það mættu fáir og hefði þurft að auglýsa hann betur.
- Fræðsla um flokkun fór fram mánudaginn 9. september. Mikill áhugi var fyrir viðburðinum og voru margir sem deildu honum á Facebook, meðal annars Akureyrarbær. Í kringum fjörutíu manns mættu á fyrirlesturinn á safninu. Þess má þó geta að SUNN sýndi beint frá viðburðinum í streymi og um 97 manns fylgdust með honum þannig.
- Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir hélt fyrirlestur um grænan og plastlausan lífsstíl fimmtudaginn 12. september. Dagfríður og hennar maður hafa breytt venjum sínum í þeim tilgangi að minnka vistspor sitt í þágu umhverfisins. Um 22 manns mættu á fyrirlesturinn og tókst hann afar vel.
- Fataskiptimarkaður fór fram þann 24. september. Markaðurinn gekk mjög vel og mættu í kringum fjörutíu manns á safnið og skiptu á fötum.
- Fræðsla um taubleyjur fór fram þann 26. september. Viðburðurinn gekk ljómandi vel og tveggja barna móðirin Hrönn Björgvinsdóttir fræddi áhugasama um taubleyjur. Í kringum tíu manns mættu á kynninguna.

## Viðburðir á Ísafirði

Framkvæmdahópurinn á Ísafirði ákvað að hafa viðburði alla þriðjudaga í september fyrir utan opunarhátíðina sem var 1. september. Viðburðir voru allir auglýstir á Facebook síðu Plastlauss septembers og á Facebook síðu kaffihússins Heimabyggðar, þar sem viðburðirnir voru haldnir og voru þeir vel sóttir. Þriðjudagskvöld eru kvöld þar sem Suðupottur sjálfbærra hugmynda hefur haft aðgengi að Heimabyggð fyrir ýmsar umhverfisvænar uppákomur. Hér má sjá stutta samantekt um viðburðina.

- Plastlaus september á Ísafirði var settur með opunarhátíð. Nokkrir tóku til máls og sögðu frá sinni vegferð í átt að minni plastnotkun. Tónlistakonurnar í Between Mountains sungu nokkur lög og sögðu einnig frá sínu ferðalagi í átt að plastlausum lífsstíl. Þá var formlega opnað fyrir sölu á umbúðalausri þurrvöru í Heimabyggð.
- Gamaldags bíóbekkir voru fengnir að láni hjá Hversdagssafninu og var myndin A Plastic Ocean sýnd. Myndinni var varpað með skjávarpa og boðið var upp á popp. Eftir myndina gafst áhorfendum tími til að spjalla um efni myndarinnar.
- Haldin var viðburður þar sem fjölnota pokar voru saumaðir. Voru fengnar að láni saumavélar frá Vesturafli og einnig kom einhverjir með sínar eigin saumavélar. Vesturafli skaffaði einnig boli til að sauma úr. Margir komu með flíkur/tau að heiman til að sauma úr og urðu til margar tegundir af pokum í öllum stærðum og gerðum. Pöntunarlistar voru lagðir á borð í Heimabyggð og fólki bent á að þar gæti það merkt við grænmeti og ávexti sem kæmu nokkrum dögum síðar. Aðsóknin fór fram úr væntingum og nokkrir kassar af grænmeti voru pantaðir frá Bændum í bænum. Á viðburðinum sjálfum kom fólk og tók grænmeti upp úr kössum (allt umbúðalaust), flokkaði og tók það grænmeti sem það hafði pantað.
- Síðasti viðburðurinn snéri að plastlausum tíðavörum, hreinsiefnum, fötum og ýmsu öðru. Þátttakendur settust niður við langt borð og ræddu saman um ýmsar plastlausar lausnir á hversdagslegum vörum og deildu reynslu sinni. Eftir spjallið var kynning á heimasaumuðum fjölnota dömubindum, kaffisíum, vaxdúkum og fleiru.

## Aðrir viðburðir

- Plastlaus september á Ljósanótt: Á Ljósanótt voru aðstandendur Plastlauss septembers með kynningarbás í Fischershúsi. Þar var hægt að koma í spjall, kynna sér um hvað átakið snýst og fá hugmyndir hvernig hægt er að taka þátt. Einnig voru til sýnis fjölbreyttar vörur sem geta komið í staðinn fyrir plastið. Kynningarbásinn var opinn frá 5. – 8. desember og voru



aðstandendur Plastlaus september á staðnum á 5. desember og 7. desember. Aðsókn var góð og fólk var áhugasamt þar sem ekki er langt síðan farið var að flokka plast í Reykjanesbæ.

- Viðburður var haldin í Skagafirði sem bar heitið Plastlaus Skagafjörður. Haldin voru eftirfarandi erindi: Dagfríður Ósk – Erindið: Hvað getur ein fjölskylda gert. Flokka ehf – Hvernig á að flokka í Skagafirði. Pokastöðin Skagafjörður – Vinnustöð og móttaka á efnum í pokasaum. Endurnýtingarmiðstöð á Hofsósi – Hvað er nú það? Einnig voru hugmyndir af plastlausum lausnum kynntar.
- Plastlaust Austurland: Hús Handanna á Austurlandi stóð á bak við viðburðinn. Föstudaginn 13. september voru vörukynningar á plastlausum vörum. Laugardaginn 14. september var matarmarkaður og örnámskeið um endurnýtingu. Sunnudaginn 15. september var fataskiptamarkaður og örnámskeið um endurnýtingu.

## Samfélagsmiðlar

### Facebook

Facebook síða Plastlauss septembers er mjög virk allt árið um kring. Í nóvember 2019 voru 6186 manns búnir að líka við síðuna. Á Facebook síðunni var markmiðið að halda upp jákvæðni og hvetja fólk til að taka lítil skref í einu til að minnka hjá sér neyslu og plastnotkun. Á síðunni eru birt góð ráð eins og hvernig er hægt að minnka plastnotkun, aðferðir við að muna eftir fjölnotapokanum og hvað getur komið í staðinn þegar plastinu er skipt út. Einnig eru birtar fréttar af íslenskum fjölmiðlum varðandi umhverfisvitund um plast. Reynt er að velja frekar jákvæðar fréttir en neikvæðar fréttir varðandi plast. Í september var markmiðið að nota mest myndir og myndbönd sem við gerðum sjálfar. Plastlaus september er einnig með hóp á facebook sem heitir „Plastlaus september – umræðuhópur“. Þar geta hópmeðlimir leitað svara við spurningum sem kunna að vakna þegar reynt er að minnka plast og einnig deilt reynslu sinni með öðrum á vegferðinni að minna plasti.

### Instagram

Í september 2019 var Instagram reikningur Plastlauss september virkur daglega og hófst það þann 28. ágúst. Instagram nýttist vel til að kynna viðburði á vegum Plastlauss septembers. Við fengum fjölbreyttan hóp fólks sem hefur áhuga á umhverfismálum til að taka einn dag og birta efni á miðlinum. Fólk hafði frjálstar hendur hvernig efni það birti en mikilvægt var að þetta væri á jákvæðu nótunum og annað hvort fræðsla eða að sýna frá lausnum hvernig hægt er að vera betri neytandi og nota minna plast. Fjölmarginir þjóðþekktir einstaklingar tóku þetta verkefni að sér endurgjaldslaust og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir. Í viðauka nr. 3 má sjá hvernig

dögnum var skipt á milli einstaklinga. Í nóvember 2019 var Plastlaus september með 1650 fylgjendur á Instagram en í september 2018 voru 615 fylgjendur. Gaman er að segja frá því að 400-700 manns horfðu daglega á það efni sem birt var á „Insta Story“ og fór þetta efni oft inn á „Facebook Story“ og fékk ágætis áhorf.

### Snapchat

Snapchat reikningur Plastlauss september var ekki eins virkur og í fyrra. Má það rekja það til þess að forritið Instagram virðist hafa tekið fram úr Snapchat í vinsældum. Stefnan var samt sem áður sú að færa sem mest af efni sem birtist í „story“ á Instagram yfir á Snapchat.

### Fræðsla

Í ár var sú nýbreytni að bjóða eingöngu upp á fræðslu í framhaldsskólum. Að auki tókum við nokkra fyrirtækjafyrirlestra að okkur en samtals voru þeir fjórir. Þar sem grunnskólum var ekki boðin fyrirlestur þetta árið urðu fyrirlestrarnir færri en árið 2018. Við fórum í færri framhaldsskóla vegna þess að sumum framhaldsskólum, sem fengu fyrirlestur frá okkur 2018, fannst ekki þörf á öðrum fyrirlestri eftir svona stuttan tíma. Við höfum fengið fyrirspurnir frá áhugasömum á landsbyggðinni um fyrirlestra en þar sem við höfum ekki tök á því að fara sjálfar höfum við þurft að reiða okkur á sjálfbóðaliða og enn sem komið er er ekki kominn nægilega stór hópur af sjálfbóðaliðum fyrir Plastlausan september til þess að hægt sé að kalla í fólk til að halda fyrirlestur í hverjum landshluta fyrir sig. En þetta ár náðum við að sinna landsbyggðinni betur en árið 2018 og auk höfuðborgarsvæðisins voru haldnir fyrirlestrar á Selfossi, Vestmanneyjum, Ísafirði, Flateyri og Akureyri.

Í eftirfarandi skólum voru haldnir fyrirlestrar:

Flensborg – 3 fyrirlestrar

Fjölbrautarskóli Suðurlands – 1 fyrirlestur

Fjölbrautarskóli Mosfellsbæjar – 2 fyrirlestrar

Menntaskólinn við Sund – 1 fyrirlestur

Menntaskólinn á Ísafirði – 1 fyrirlestur

Lýðskólinn á Flateyri – 1 fyrirlestur

Verkmenntaskólinn á Akureyri – 1 fyrirlestur

Grunnskóli Vestmannaeyja – 1 fyrirlestur

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum – 1 fyrirlestur

Í september 2020 myndum við vilja bjóða upp á fría fyrirlestra í grunnskólum og teljum við mikilvægt

að finna rétta manneskju í verkið sem nær vel til barna, gætum við þurft að finna fagaðila sem fengi greidd laun. Einnig teljum við mikilvægt að stækka tengslanet Plastlauss septembers enn frekar til að geta svarað kalli eftir fyrirlesturum í öllum landshlutum.

## Auglýsingar og umfjallanir

### Gerð auglýsinga

Salbjörg Rita Jónsdóttir sem er í framkvæmdahópi Plastlauss septembers er hönnuður og ljósmyndari og sá hún um framleiðslu alls kynningarefnis og auglýsinga. Hannaði hún allar auglýsingar og auglýsingar fyrir opunarhátíðina. Markmiðið var að nota sem mest eigið efni til að birta og lágmarka það að fá lánaðar ljósmyndir og myndbönd annars staðar frá. Var framleitt eitt nýtt myndband þetta árið. Mikill tími fer í framleiðslu á auglýsinga efni því er það von okkar að fyrir 2020 að við munum hafa bolmagn til þess að geta greitt auglýsingastofu eða verktökum fyrir að framleiða auglýsingar fyrir okkur.

### Hvar voru auglýsingar birtar í september?

Í lok ágúst voru settar út auglýsingar til að auglýsa opunarhátíðina. Send var út fjölmiðlatilkynning á helstu fjölmiðla landsins varðandi opunarhátíðina. Fjallað var um opunarhátíðina í kvöldfréttum RÚV og sendu þeir myndaupptökumann og einn fréttamann á opunarhátíðina. Í september var stefnan að birta auglýsingar frá Plastlausum september á fjölbreyttum miðlum til að minna á átakið. Markmiðið var að tengja átakið við september mánuð og voru auglýsingar birtar reglulega í gegnum september mánuð. Reynt var að velja fjölbreytta miðla til að birta auglýsingar með því markmiði að ná til sem flestra. Þær færslur sem voru birtar á Facebook voru oft kostaðar (e. boost). Algengast var að í kostaðar færslur notuðum við myndir og/eða myndbönd sem Plastlaus september framleiddi.

Birtir voru vefborðar á Vísir.is sem voru með tengil inn á heimasíðu Plastlaus september. Einnig var voru birtar auglýsingar í Helgarblaði DV og í Sambíóum birtust skjáauglýsingar. Á sjónvarpsstöðinni Hringbraut birtust skjáauglýsingar sem auglýstu opunarhátíðina í Reykjavík og skjáauglýsing sem auglýst átakið. Keyptar voru skjáauglýsingar hjá RÚV sem auglýstu opunarhátíðina í Reykjavík og átakið auk útvarpsauglýsinga á samtengdum Rás1 og Rás2 í fyrstu vikuna í september og aftur síðustu vikuna í september. Í þeim minntu við hlustendur á átakið og bentum á heimasíðuna. Einnig voru keyptar útvarpsauglýsingar fyrir jól og milli jóla og nýárs þar sem landmönnum var óskað gleðilegra hátíðar og með þökk með þátttöku í átakinu.

## Umfjallanir

Plastlaus september hlaut góða umfjöllun hjá sjónvarpsstöðinni Hringbraut. Fóru tvær úr framkvæmdarhópnum í viðtal í þáttinn 21 sem Sigmundur Ernir Rúnarsson stýrir .

Í september 2018 voru hjón fenginn til að mæta vikulega í útvarpsþáttinn *Samfélagið* á Rás 2 til að segja frá sinni vegferð í átt að minna plasti. Þessi sömu hjón voru fengin til að mæta aftur í ár til að segja frá því sem þau væru að gera í ár. Vikulega mættu þessi hjón í þáttinn og fjölluðu um áskorarnar sem fylgdu með umhverfisvænni skrefum og lýstu reynslu og árangri sem þau væru að ná í þessari vegferð.

Að auki voru fjölmörg viðtöl, greinar og umfjallanir um viðburði, sjá nánari útlistun á fjölmiðlaumfjöllun í viðauka 1.

## Lokaorð

Á heildina litið erum við í framkvæmdahóp Plastlauss septembers ánægðar með átaks mánuðinn. Opnunarhátíðin í Reykjavík var stærsti viðburðurinn og var vel mætt og erum við sérstaklega þakklátar Umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir að setja hátíðina og gefa áttakinu góðan meðbyr með því að vekja athygli á málstaðnum. Afhending á *Bláskelinni* var sérstaklega góð viðbót við opnunarhátíðina og er það von okkar að sú viðurkenning sé komin til að vera. Fyrir árið 2020 stefnum við á að halda veglega opnunarhátíð með svipuðu sniði og síðustu tvær. Við höfum hug á að nýta meiri fjármuni í að auglýsa og búa til nýtt efni. Við viljum ná til breiðara hóp fólks og teljum við bestu leiðina til þess með auglýsingum. Við höfum sérstakan áhuga á að ná til íbúa sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og erum að skoða hvaða leiðir eru mögulegar til að þýða fræðsluefni á heimasíðunni yfir á ensku og pólsku. Teljum við okkur komnar með þó nokkra reynslu í viðburðum og það hefur sýnt sig að það er áskorun að fá fólk til að mæta á einhvern tiltekin stað. Því er það áhersla okkar að efla heimasíðuna, samfélagsmiðla og auglýsingarnar enn frekar.

Okkur í Plastlausum september langar að þakka þeim fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum sem styrktu okkur árið 2019. Án þessara styrkja hefði róðurinn til að gera átakið sýnilegt orðið töluvert þyngri. Einnig viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í áttakinu með okkur með beinum eða óbeinum hætti. Þetta er allt fólkið sem flutti erindi á opnunarhátíðinni og tók að sér að halda úti Instagram reikningum í einn dag. Betur má gera ef duga skal og er það von okkar Plastlaus september sé komin til að vera í nánustu framtíð. Það er okkar að von að Plastlaus september stuðli að minni neyslu og vekji fólk til umhugsunar að velja

umhverfisvæna kosti þegar það þarf að kaupa hluti. Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í plastlausum september með því að minnka notkun á einnota plasti.

## Viðauki 1 – Fjölmíðlaumfjöllun

**21. ágúst** – Reykjanesbær – Umfjöllun um plastlausa Ljósanótt

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/baejarstjori-saumadi-fyrsta-taupokann-fyrir-plastlausa-ljosanott>

**21. ágúst** – VF- Umfjöllun um plastlausa Ljósanótt <https://www.vf.is/frettir/baejarstjori-saumadi-fyrsta-taupokann-fyrir-plastlausa-ljosanott>

**27. ágúst** – Rás 1 – Þátturinn Samfélagið fjallar um plastlausan september hefst á 41. mínútu. <https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617>

**27. ágúst** – Nútíminn – Fréttatilkynning Plastlaus september

<https://www.nutiminn.is/plastlaus-plastlaus-plastlaus/>

**28. ágúst** – Hringbraut – Viðtal

<https://www.hringbraut.is/sjonvarp/thaettir/21-midvikudagur-28-agust-heidar-gudjonsson-raedir-graenland-heidur-magny-herbertsdottir-og-amanda-da-silva-cortes-raeda-plastlausan-september>

<https://www.n4.is/is/thaettir/file/undirbuningur-fyrir-plastlausan-september-a-amtinu>

**29. ágúst** - Sjónvarp Víkurfrétta - Plastlaus Ljósanótt

<https://www.vf.is/sjonvarp/sudurnesjamagasin290819>

**29. ágúst** – Hringbraut – Frétt um Plastlausan september

<https://www.hringbraut.is/frettir/plastlaus-september-ad-hefjast>

**29. ágúst** – Öskubuska – Bloggfærsla

<https://oskubuska.is/plastlaus-september/>

**31. ágúst** – Vísir – Viðtal

<https://www.visir.is/g/2019190839878/fer-med-fjolnota-ilat-i-bakariid-og-i-bio>

**1. september** – MBL- Bláskelin

[https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/09/01/segull\\_67\\_brugghus\\_hlytur\\_blaskelina/?fbclid=IwAR0l3g5\\_6iO1o4T6iy2KI7LgcFsnHNG\\_wmYFibX3wg-IMOQMe5\\_Hnckdt8](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/09/01/segull_67_brugghus_hlytur_blaskelina/?fbclid=IwAR0l3g5_6iO1o4T6iy2KI7LgcFsnHNG_wmYFibX3wg-IMOQMe5_Hnckdt8)

**1. september** – RÁS2 – Viðtal hefst á 11. mínútu.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/frettir-kl-12-20/25243?ep=7gni8h>

**1. september** – RÚV – Kvöldfréttir byrjar á 11. mínútu

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/frettir-kl-19-00/27717?ep=88ai26>

**2. september** – VG - Ávarp Guðmunds Inga

<https://vg.is/greinar/plastlaus-september-avarp-gudmundar-inga-gudbrandssonar-umhverfis-og-audlindaradherra/>

**3. september** – Hringbraut - Umfjöllun í lok þáttar: <https://www.hringbraut.is/sjonvarp/taettir/21-thridjudagur-3-september-thorsteinn-palsson-og-einar-karl-haraldsson-raeda-helstu-frettamalin-i-ritstjorumum>

**4. september** - Fréttablaðið - Aðsend grein

<https://www.frettabladid.is/skodun/plastlaus-september/>  
<https://www.visir.is/g/2019190909560/plastlaus-september->

**4. september** – RÁS1 – Samfélagið hefst á 35. mínútu.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl590>

**6. september** – RÚV – Frétt

<https://www.ruv.is/frett/enginn-urdunarstadir-i-augsyn-fyrir-borgina?fbclid=IwAR3gVG92RK8XMLXQ3MxEzmJD6FaYsXN1NCDtoZLgGCgP07Jgiwc9AQ7nXI>

**7. september** – DV – Umfjöllun

[https://www.dv.is/lifsstill/2019/9/7/leidir-til-ad-minnka-plast-adur-elskadir-bangsar-tannkremstoflur-og-heimabakad-braud/?fbclid=IwAR3I1HrnPpP25X8e0MQtRFB6jWcx2Q\\_QpceOPVZDNIDM5PnWt-ZPmfHABzk](https://www.dv.is/lifsstill/2019/9/7/leidir-til-ad-minnka-plast-adur-elskadir-bangsar-tannkremstoflur-og-heimabakad-braud/?fbclid=IwAR3I1HrnPpP25X8e0MQtRFB6jWcx2Q_QpceOPVZDNIDM5PnWt-ZPmfHABzk)  
<https://www.dv.is/lifsstill/2019/9/7/foru-ur-60-kg-manudi-nidur-140-gromm/?fbclid=IwAR0a0CgwbdKs8nUSmL9E6goToNPKOho-F-pZ-JIOttuvgopBAmZm6aFh8gs>

**9. september** - Rás 2 síðdegisútvarpið – Viðtal

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/siddegisutvarpid/23825?ep=7h2hki>

Umfjöllun í Krakkafréttum RÚV

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/krakkafrettir-stakar/29319?ep=8njec1>

**10. september** – Rás 1 – Samfélagið

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl595&fbclid=IwARONzsVWxDLJKkMuaPRf>

[P1OXbSke0r81MSgpMk55bHU8XLDWUOV9Zb7pwXc](https://www.ruv.is/frett/plastmagn-i-hafi-vaxandi-vandamal?fbclid=IwAR02eE2Rw8G_8PROXix5d7V9hsWcEjdriFyWfXJVJ7bBJW9q3Q3Ewg3Jnrc)

**11. september** - Rás 2 - Viðtal við forstjóra Umhverfisstofnunar um plastmengun í hafi.

[https://www.ruv.is/frett/plastmagn-i-hafi-vaxandi-](https://www.ruv.is/frett/plastmagn-i-hafi-vaxandi-vandamal?fbclid=IwAR02eE2Rw8G_8PROXix5d7V9hsWcEjdriFyWfXJVJ7bBJW9q3Q3Ewg3Jnrc)

[vandamal?fbclid=IwAR02eE2Rw8G\\_8PROXix5d7V9hsWcEjdriFyWfXJVJ7bBJW9q3Q3Ewg3Jnrc](https://www.ruv.is/frett/plastmagn-i-hafi-vaxandi-vandamal?fbclid=IwAR02eE2Rw8G_8PROXix5d7V9hsWcEjdriFyWfXJVJ7bBJW9q3Q3Ewg3Jnrc)

**11. september** - viðtal við Dagfríði um viðburð á Akureyri:

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/09/11/erfidast-ad-stiga-fyrsta-skrefid/>

**16. september** - Samband íslenskra sveitarfélaga - Umfjöllun

<https://mailchi.mp/eba36db30d3d/tindi-6-tbl-september-2019?e=a28362fff4>

**18. september** – Rás 1 – Samfélagið hefst á 43. mínútu.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617?ep=7hl59a>

**21. september** – Hringbraut - Viðtal við Þóru Þorgeirsdóttur hefst á 16. mínútu.

[http://www.hringbraut.is/sjonvarp/taettir/tuttuguogeyn-](http://www.hringbraut.is/sjonvarp/taettir/tuttuguogeyn-21/21_2019_38?fbclid=IwAR0_y1MvZXYPDPAcosiGxWXuY_c98QQfAa4CIUGQwqv0Zfc7vHlo2Hqrzr3l)

[21/21\\_2019\\_38?fbclid=IwAR0\\_y1MvZXYPDPAcosiGxWXuY\\_c98QQfAa4CIUGQwqv0Zfc7vHlo2Hqrzr3l](http://www.hringbraut.is/sjonvarp/taettir/tuttuguogeyn-21/21_2019_38?fbclid=IwAR0_y1MvZXYPDPAcosiGxWXuY_c98QQfAa4CIUGQwqv0Zfc7vHlo2Hqrzr3l)

[#XYcoge8nqas.facebook](https://www.facebook.com/XYcoge8nqas)

**25. september** – Rás 1 – Samfélagið hefst á 48. mínútu.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617>

**27. september** – RÚV – Kvöldfréttir innslag frá Plastþoni

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/frettir-kl-19-00/27717?ep=88ai30>

**28. september** – MBL - Umfjöllun

[https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F17](https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1733932%2F%3Ft%3D287493254&page_name=grein&grein_id=1733932)

[33932%2F%3Ft%3D287493254&page\\_name=grein&grein\\_id=1733932](https://www.mbl.is/mogginn/bladid/innskraning/?redirect=%2Fmogginn%2Fbladid%2Fgrein%2F1733932%2F%3Ft%3D287493254&page_name=grein&grein_id=1733932)

**30. september** – RÁS2 - Morgunútvarpið. Viðtal hefst á 54. mínútu.

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822?ep=7grqg3>

**1 október** grein/viðtal við Heiði í Fréttablaðinu: [https://www.frettabladid.is/frettir/hefur-faerst-i-](https://www.frettabladid.is/frettir/hefur-faerst-i-aukana-ad-folk-maeti-med-eigin-ilat-i-verslanir/)

[aukana-ad-folk-maeti-med-eigin-ilat-i-verslanir/](https://www.frettabladid.is/frettir/hefur-faerst-i-aukana-ad-folk-maeti-med-eigin-ilat-i-verslanir/)



## Viðauki 2 – Fyrirtæki sem tóku þátt í Plastlausum september

- Epal – auglýst flokkunartunnur í tilefni af Plastlausum september
- Veitingastaðurinn Ramen Momo bauð 20% afslátt til þeirra sem koma með eigin ílát.
- Dælan auglýsti að í tilefni af Plastlausum september væri hægt að dæla rúðuvökva beint á bíla.
- Kjötvörur nýttu september til að setja á markað nýjar plastlausar umbúðir fyrir salöt, túnfisksalat, rækjusalat o.sv.frv.
- Vættaskóli í Grafarvogi sendi tölvupóst á foreldra og vakti athygli á áttakinu. Sérstaklega var rætt um einnota umbúðir á skólasetningu.
- ÁTVR biður viðskiptavini sína um að losa framtíðina við plastið.
- Rakarastofan Herramenn býður upp á plastlausar vörur í tilefni af Plastlausum september <https://netverslun.herramenn.is/collections/plastlaus-september>
- Heilsuhúsið vakti athygli á áttakinu.

### Viðauki 3 – Dagskrá Instagram

- 28. ágúst Dagfríður Ósk Gunnarsdóttir
- 29. ágúst Ásdís Ólafsdóttir
- 30. ágúst Hildur Dagbjört Arnardóttir
- 31. ágúst Jóhanna Gísladóttir
- 01-Sep Heiður Magný Herbertsdóttir
- 02-Sep Marta Sigurðardóttir
- 03-Sep Amanda Cortes
- 04-Sep Ingibjörg Ósk Pétursdóttir
- 05-Sep Heiður Magný Herbertsdóttir
- 06-Sep María Theódórsdóttir
- 07-Sep Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir
- 08-Sep Þórdís Þórhallsdóttir
- 09-Sep Kristín Inga Arnarsdóttir
- 10-Sep Helga Hauksdóttir
- 11-Sep Hildur Dagbjört Arnardóttir
- 12-Sep Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir
- 13-Sep Ester Alda
- 14-Sep Dagfríður Ósk
- 15-Sep Svanhildur Pálsdóttir
- 16-Sep Elín Guðmundsdóttir
- 17-Sep Þóra Margrét Þorgeirsdóttir
- 18-Sep Sunna Björk Ragnarsdóttir
- 19-Sep Una Emilsdóttir
- 20-Sep Anna Sigrún Haraldsdóttir
- 21-Sep Plastlaus september
- 22-Sep Bíllausi dagurinn - Plastlaus september
- 23-Sep Þorgerður M. Þorbjarnadóttir
- 24-Sep Umhverfisstofnun
- 25-Sep Björn Hákon Sveinsson
- 26-Sep Margrét Hugadóttir
- 27-Sep Hildur
- 28-Sep Heiður Magný Herbertsdóttir
- 29-Sep Plastlaus september
- 30-Sep Helga Ragnarsdóttir



# Plastlaus september mælir með

viðburðum víða um land í september

#plastlaus

## Akureyri

9. september kl. 17.00  
**Fræðsla um flokkun**  
Amtsbókasafnið

12. september kl. 17.00  
**Hvað getur ein fjöskylda gert?**  
Amtsbókasafnið

14. september  
**Grænn markaðsdagur**  
Deiglan

26. september kl. 17.00  
**Fræðsla um taubleyjur**  
Amtsbókasafnið

## Eyrarbakki

28. september  
**BRIM kvikmyndahátíð og fyrir-  
lestur um plast og afleiðingar þess**  
Sjóminjasafnið, Óðinshús,  
Húsið, Litla Hraun

## Egilsstaðir

13. - 15. september  
**Plastlaus Austurland, vörkynning,  
matarmarkaður og örnámskeið**  
Hús handanna

## Ísafjörður

10. sept kl. 17.00  
**Lífrænt Grænmeti án umbúða**  
Heimabyggð

17. september  
**Pokasumur fyrir pokastöðvar**  
á NV Vestfjörðum  
Heimabyggð

24. september kl. 17.00  
**Á persónulegum nótum**  
Heimabyggð

## Reykjanesbær

5. - 8. september  
**Plastlaus Ljósanótt**

5. og 7. september  
**Plastlaus september á Ljósanótt**  
Fischershús

## Reykjanes

13. september  
**Árlegur strandhreinsunardagur**  
Blái herinn & bandaríska sendiróðið

## Reykjavík

12. september kl. 18.00  
**Introduction to Bio Plastics // Starch**  
Kynning á lifplasti // Sterkja  
Reykjavík Tool Library

19. september kl. 17.00  
**DIY Beeswax Wrap**  
Lærðu að gera bývaxdúka  
Reykjavík Tool Library

14. september  
**Intro to Bio Plastics // Agar Agar**  
Kynning á lifplasti // Agar Agar  
Reykjavík Tool Library

21. september  
**Alheims hreinsunardagurinn 2019**  
Blái herinn

27. - 28. september  
**Plastafön 2019**  
Umhverfisstofnun

Plastlaus september er árvekiátak sem ætlað er að vekja fólk til umhugsunar um ofgnótt og skoðsemi plasts í umhverfinu og benda á leiðir til að draga úr notkun á einnota plasti. Við hvetjum fólk til að taka þátt í Plastlausum september og vonum að þátttaka í átakinu leiði til minni plastnotkunar til frambúðar.

**PLASTLAUS**  
**SEPTEMBER**